

Ed.

316. Frumvarp til laga

[128. mál]

um verðlagsskrár.

Flm.: Andrés Eyjólfsson, Jón Kjartansson.

1. gr.

Verðlagsskrárumdæmi skulu vera þessi:

1. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.
2. Suður-Múlasýsla og Neskaupstaður.
3. Austur-Skaftafellssýsla.
4. Vestur-Skaftafellssýsla.
5. Vestmannaeyjakaupstaður.
6. Rangárvallasýsla.
7. Árnessýsla.
8. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Keflavík, Hafnarfjarðarkaupstaður og Reykjavík.
9. Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.
10. Mýrasýsla.
11. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
12. Dalasýsla.
13. Barðastrandarsýslur.

14. Ísafjarðarsýslur og Ísafjarðarkaupstaður.
15. Strandasýsla.
16. Húnavatnssýslur.
17. Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókskaupstaður.
18. Eyjafjarðarsýsla, Akureyrar-, Siglufjarðar- og Ólafsfjarðarkaupstaðir.
19. Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstaður.

2. gr.

Yfirskattanevnd hvers verðlagsskrárumdæmis skal í janúarmánuði ár hvert semja verðlagsskrá, er gildir fyrir allt verðlagsskrárumdæmið. Nú er fleiri en ein yfirskattanevnd í verðlagsskrárumdæmi, og skal þá sú yfirskattanevnd, sem sýslumaður skipar forsæti í, annast samningu verðlagsskrár samkvæmt 1. málslíð þessarar greinar.

3. gr.

Yfirskattanevnd skal setja verðlag á búpening þann og innlenda vöru, sem venja er að taka í verðlagsskrá, eftir því peningaverði, sem henni er kunnugt um, að á þeim hafi verið á síðastliðnu ári. Við verðlagningu búpenings skal hún fara eftir því, á hvaða verði búfé hveurrar tegundar hefur gengið kaupum og sölum manna á milli á verðlagsskrárvæðinu, og miða við meðalverð. Við verðskráningu innlendra framleiðsluvara skal hún fara eftir skýrslum, er hún aflar sér frá verzlunum þeim, er íbúar viðkomandi verðlagsskrárumdæmis hafa aðalviðskipti við, og skal leggja innkaupsverð til grundvallar.

Ef yfirskattanevnd er kunnugt um, að einhver tegund landaura, önnur en búfé, hafi eigi verið verzlunarvara í undæminu á síðasta ári, skal hún eigi setja verðlag á þá tegund.

Verði yfirskattanevnd eigi á eitt sátt um verðlag, skal meðaltal ráða.

4. gr.

Er yfirskattanevnd hefur samið verðlagsskrá, skal sýslumaður senda hana fjármálaráðuneytinu, sem staðfestir hana og sér um, að hún verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Ef fjármálaráðuneytið telur vafa leika á því, að verðlagsskrá, er því hefur verið send, sé rétt samín, getur það sent hana ríkisskattanevnd til athugunar og staðfestir hana síðan með þeim breytingum, sem ríkisskattanevnd leggur til, að á henni verði gerðar.

5. gr.

Verðlagsskrá skal gilda frá 16. degi maímánaðar, næst eftir að hún er samín, til jafnlengdar næsta árs, og skal birta hana á manntalsþingum það ár, er hún gengur í gildi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numín lög nr. 16 6. nóv. 1897, um undirbúning verðlagsskráa, svo og önnur þau lagaákvæði, sem koma kunna í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 16 6. nóv. 1897, um undirbúning verðlagsskráa, er svo fyrir mælt, að prestur, formaður skattanevndar og þriðji maður, er hreppsnevnd eða bæjarstjórn kýs, skuli í októbermánuði ár hvert semja skýrslu um verðlag á búpeningi þeim og innlendum vörutegundum, sem venja er að telja til verðlagsskráa, eftir því söluverði, miðað við peninga, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps eða bæjarfélags á næstliðnu ári frá 1. október til jafnlengdar. Formaður skattanevndar átti að vera formaður þessarar nefndar. Skýrsla þessi, undirskrifuð af öllum nefndarmönnum,

átti svo að liggja frammi til sýnis á hentugum stað í hreppnum eða bæjarfélaginu í tvær vikur.

Verðlagsskýrslur þessar áttu að sendast hlutaðeigandi sýslumanni fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, en sýslumaður að semja eftir þeim eina aðalskýrslu fyrir hérað hvert og senda hana, ásamt fylgiskjölum, til stiftsyfirvaldanna, sem áttu að staðfesta verðlagsskrá fyrir hvert hérað og annast um prentun hennar og birtingu.

Verðlagsskráin átti svo að gilda frá 16. degi maímánaðar næsta eftir að hún var staðfest og birtast á manntalsþingum það vor, er hún gengur í gildi.

Lögin frá 6. nóv. 1897 voru byggð á konungsráðgjörð frá 16. júlí 1817.

Þegar umgetin lög og konungsráðgjörður voru sett, voru opinber gjöld og viðskipti manna á milli að miklu leyti miðuð við landaura. Þetta hefur breytt mjög í seinni tíð. Opinber gjöld eru nú öll ákveðin í peningum, og sama má yfirleitt segja um viðskipti manna á milli. Verðlagsskrárnar mega nú næstum heita komnar til hliðar við allt viðskiptalíf í landinu. Eru því uppi raddir um, að afnema beri þær með öllu.

Nú er það að vísu svo, að notkun verðlagsskráa í viðskiptalífínu mun vera orðin mjög lítil og vart þekkjast í sumum héruðum. Hins vegar mun þó notkun þeirra ekki horfin með öllu, og telst því eigi rétt að afnema þær að svo stöddu.

Tilgangur þessa frv. er sá að gera samningu verðlagsskráa fyrirhafnarminni og einfaldari. Skal nánar að því vikið, um leið og minnst er á einstakar greinar frumvarpsins.

Í 1. gr. er lagt til, að lögfest verði sú venja, sem ætíð hefur verið í framkvæmd um skiptingu landsins í verðlagsskrárumdæmi.

Með 2. gr. er lagt til, að yfirskattanefndir, hver í sínu umdæmi, semji verðlagsskrárnar. Er hér um höfuðatriði frv. að ræða. Verðlagsskrárnefndir hreppanna hverfa þá, en yfirskattanefnd semur í þeirra stað eina skrá fyrir allt verðlagsskrárumdæmið. Ætti það að vera auðgert verk, þegar þess er gætt, að yfirskattanefndir semja um sama leyti verðlag á búfjártegundir allar og flestar, ef ekki allar, þær framleiðsluvörur, sem teknar eru í verðlagsskrár, vegna undirbúnings á framtali til tekjuskatts og eignarskatts.

Þá er gert ráð fyrir því í gr., að þar sem fleiri en ein yfirskattanefnd er í verðlagsskrárumdæmi, skuli sú yfirskattanefnd, sem sýslumaður umdæmisins á sæti í, annast samningu verðlagsskrár, er gildir fyrir allt umdæmið. Er það í samræmi við þá venju, sem skapast hefur.

Í 3. gr. eru nánari fyriræmi um það, hvernig verðlagsskrá skuli samin. Er það í samræmi við gildandi lög og þá venju, sem skapast hefur.

4. gr. er um staðfestingu og birtingu verðlagsskráanna. Er það í samræmi við 3. gr. laganna, að því breyttu, að fjármálaráðuneytið kemur í stað stiftsyfirvaldanna, — þó er því ákvæði bætt við, að ef ráðuneytinu virðist verðlagsskrá eigi rétt samin, þá getur það sent hana ríkisskattanefnd til athugunar og staðfest hana síðan með þeim breytingum, sem ríkisskattanefnd kann að gera á henni. Þykir rétt að setja þetta ákvæði til tryggingar því, að sanngjarnlega sé að samningu verðlagsskráanna unnið.

5. gr. er sama efnis og 4. gr. laganna er nú.

6. gr. nemur úr gildi lögin frá 1897 og eldri úrskurði, sem koma kunna í bága við lög þessi.

Nái frv. samþykki þingsins, munu ákvæði laganna koma til framkvæmda við samningu þeirra verðlagsskráa, er taka eiga gildi 16. maí 1955.